

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag fyrir íbúðarhús og skemmu á spildu úr landi jarðarinnar Bár í fyrrum Hraungerðishreppi.

Skipulagssvæðið er 17,4 ha þar sem gert er ráð fyrir 2 byggingareitum. Innan byggingareits 1 verður heimilt að byggja allt að 300 m² sambyggt íbúðarhús og hesthús ásamt bílgeymslu. Auk þess verður heimilt að byggja allt að 90 m² gestahús. Á byggingareit 2 er gert ráð fyrir allt að 250 m² gripahúsi og 400 m² skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. september 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2007